

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 – 1998

26. febrúar 1998

241

Nr. 119

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 1.200 frá 2. mars 1998 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðjan hf.) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðslu. Annast tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytinu, 26. febrúar 1998.

F. h. r.

Atli Freyr Guðmundsson.

Steinunn Bjarman.